

33

4. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar, heimilað, að við menntaskólana starfi óskipt miðskóladeild til vorsins 1954.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

34

4. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo:

6 — annað 1 kg

2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.

3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

60c Hexan 2

4. Nr. 4 í 54. kafla orðist svo:

4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk

Toll-
einingVöru-
magns-
tollur
AurarVerð-
tollur
%

1

2

2

20

40

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939, og 12. liður laga nr. 108 frá 1951, um breyting á sömu lögum.

34

4. febr.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FJÁRAUKALÖG

35

5. febr.

fyrir árið 1949.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1949, eru veittar kr. 15 014 768.40 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 45 878 401.93 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 60 893 170.33.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 73 686 782.52.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstmál:

2. Póststofan í Reykjavík	kr.	258 889.99	
3. Póstafgreiðslur og bréfhirðingar	—	128 058.24	
4. Póstflutningar	—	281 367.55	
5. Önnur gjöld	—	163 266.88	
6. Fyrningar	—	20 114.49	
			kr. 851 697.15

en tekjur urðu kr. 6 061 484.05.

2. Síminn:

1. Til notendasíma í sveitum	kr.	727 489.49
2. Til starfrækslu landssímanna:		
a. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	—	72 963.81
b. Ritsíminn í Reykjavík	—	148 807.15
c. Loftskreyttastöðin í Reykjavík	—	9 174.69
d. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	22 751.29
e. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	110 524.47
f. Áhaldahúsið	—	8 152.68
g. Ritsímastöðin á Akureyri	—	141 863.09